



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 15/2026

**Upplýsingagjöf og viðskiptahættir Kvasi Lausna ehf.
vegna gjaldskyldra bílastæða.**

I.

Málavextir

1. Með bréfi Neytendastofu til Kvasis Lausna, dags. 31. október 2025, var félaginu tilkynnt að stofnunin hafi farið í vettvangsathugun á gjaldskyld bílastæði á landsbyggðinni, dagana 3. til 26. september 2025, og á höfuðborgarsvæðinu þann 23. október 2025.
2. Þau bílastæði sem rekin eru af Kvasi Lausnum og skoðuð voru í fyrrnefndum vettvangsathugunum séu eftirfarandi: Bílakjallarinn á Kirkjusandi, Bílakjallarinn í Höfðatorgi, Hengifoss, Selafjara, Seljalandsfoss, Seltún, Þingvellir (P1), Þingvellir (P2), Þingvellir (P3) og Þingvellir (P5). Í kjölfarið var gerð grein fyrir skoðun Neytendastofu á eftirfarandi hátt:

Bílastæði í bílakjallaranum á Kirkjusandi.

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var að finna verðskrá. Þá er að finna í bílakjallaranum upplýsingaskilti við innkeyrslu þar sem vísað er til smáforrits Parka og vefsíðunnar parka.is þrátt fyrir að bílakjallarinn virðist rekinn af Kvasi lausnum og ekki í boði að greiða með þeim greiðsluleiðum fyrir viðveru í bílakjallaranum. Með hliðsjón af framangreindu óskar stofnunin eftir upplýsingum um hvernig innheimtu gjalda er háttað í bílakjallaranum og þá sérstaklega hvort einhver gjöld eða kostnaður leggist á neytendur við greiðslu viðverugjalds þegar viðverugjald er ekki greitt innan ákveðins tíma.“

Bílastæði í Bílakjallaranum í Höfðatorgi.

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá er að finna í bílakjallaranum upplýsingaskilti við útkeyrslu af svæðinu þar sem kveðið er á um að viðbótargjald leggist á viðveru ef ekki sé greitt samdægurs, án þess að fjárhæð þess væri tilgreind í verðskrá og upplýst um að hægt sé að greiða fyrir viðveru á vefsíðunni



www.parka.is þrátt fyrir að bílakjallarinn virðist rekinn af Kvasi lausnum og ekki í boði að greiða með þeirra greiðsluleið. Með hliðsjón af framangreindu óskar stofnunin eftir upplýsingum um hvernig innheimtu gjalda er háttað í bílakjallaranum og þá sérstaklega hvort einhver gjöld eða kostnaður leggist á neytendur við greiðslu viðverugjalds eða þegar viðverugjald er ekki greitt innan ákveðins tíma.

Bílastæði við Hengifoss.

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var að finna verðskrá. Auk framangreinds kemur að mati Neytendastofu til álita hvort neytendum séu með nægilega skýrum hætti veittar upplýsingar um gjaldskyldu þegar keyrt er inn á svæðið en upplýsingaskilti um gjaldskyldu var einungis að finna við eina af tveimur innkeyrslum á svæðið. Þá óskar stofnunin eftir upplýsingum um hvort einhver gjöld eða kostnaður leggist á neytendur við greiðslu viðverugjalds þegar viðverugjald er ekki greitt innan ákveðins tíma.“

Bílastæði við Selafjöru.

„Stofnunin óskar eftir upplýsingum um hvort einhver gjöld eða kostnaður leggist á neytendur við greiðslu viðverugjalds þegar viðverugjald er ekki greitt innan ákveðins tíma.“

Bílastæði við Seljalandsfoss.

„Stofnunin óskar eftir upplýsingum um hvort einhver gjöld eða kostnaður leggist á neytendur við greiðslu viðverugjalds eða þegar viðverugjald er ekki greitt innan ákveðins tíma.“

Bílastæði við Seltún.

„Stofnunin óskar eftir upplýsingum um hvort einhver gjöld eða kostnaður leggist á neytendur við greiðslu viðverugjalds eða þegar viðverugjald er ekki greitt innan ákveðins tíma. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að verðskrá sé birt með skýrum, áberandi og aðgengilegum hætti með tilliti til staðsetningar upplýsinga og leturstærðar hennar.“

Bílastæði á Þingvöllum (P1)

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var að finna verðskrá á svæðinu. Þá óskar stofnunin eftir upplýsingum um hvort einhver gjöld eða kostnaður leggist á neytendur við greiðslu viðverugjalds eða þegar viðverugjald er ekki greitt innan ákveðins tíma.“

Bílastæði á Þingvöllum (P2)



„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var að finna verðskrá á svæðinu. Þá óskar stofnunin eftir upplýsingum um hvort einhver gjöld eða kostnaður leggist á neytendur við greiðslu viðverugjalds eða þegar viðverugjald er ekki greitt innan ákveðins tíma.“

Bílastæði á Þingvöllum (P3)

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var að finna verðskrá á svæðinu. Auk framangreinds kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að neytendum séu með nægilega skýrum hætti veittar upplýsingar um gjaldskyldu þegar keyrt er inn á svæðið en engin skilti voru sjáanleg við innkeyrslu á svæðið sem upplýsa neytendur um að ekið sé inn á gjaldskylt svæði. Þá óskar stofnunin eftir upplýsingum um hvort einhver gjöld eða kostnaður leggist á neytendur við greiðslu viðverugjalds þegar viðverugjald er ekki greitt innan ákveðins tíma.“

Bílastæði á Þingvöllum (P5).

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var að finna verðskrá á svæðinu. Þá óskar stofnunin eftir upplýsingum um hvort einhver gjöld eða kostnaður leggist á neytendur við greiðslu viðverugjalds eða þegar viðverugjald er ekki greitt innan ákveðins tíma.“

3. Það sé álit Neytendastofu að ákvæði 1. mgr. 8. gr., b. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., 13. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 1. og 2. mgr. 3. gr. auk 1. og 3. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu kunni að eiga við um ofangreinda viðskiptahætti.
4. Með bréfi Kvasis Lausna dags. 12. nóvember 2025, kom fram að félagið reki ekki bílastæði en þjónusti rekstraraðila á þeim stöðum sem nefndir voru í bréfi Neytendastofu. Að auki sé bílastæði rekið af Múlapingi við Hafnarhólma í Borgarfirði Eystra, en þar miðist gjaldskylda við það þegar lundinn er í hólmanum sem sé frá miðjum apríl fram í miðjan ágúst.
5. Þá kom fram að félagið leggi sig fram um að vera bæði með góða þjónustu og veita rekstraraðilum aðhald og aðstoð hvað varði rekstur og upplýsingagiöf. Félagið hafi tileinkað sér reglur sem það hafi starfað eftir frá stofnun félagsins en þær endurspegli vilja eiganda til að stunda heiðarlega og faglega viðskiptahætti. Þrennskonar reglur voru í kjölfarið taldar upp sem eru að viðskiptavinir þurfi að hafa aðstöðu/þjónustu sem sé virðisaukandi fyrir viðskiptavinum sína, ekki séu lagðar á auka álögur á gjald fyrir notkun annað en bankakostnaður og til að tryggja góð samskipti við bílaleigur sé mikilvægt að skila upplýsingum til þeirra innan sólarhrings og á þann veg sem tryggir mestu skilvirki hjá hverjum og einum.



6. Í kjölfarið var gerð grein fyrir þeim bílastæðum sem Neytendastofa gerði athugasemdir við í bréfi, dags. 31. október 2025.
7. Að sögn Kvasis Lausna tók félagið nýlega við bílakjallaranum á Kirkjusandi af Parka. Ekki sé hægt að greiða fyrir viðveru með Parka appinu, en búið sé að tengja EasyPark sem greiðsluleið. Þá kom fram að viðræður séu til staðar á milli rekstraraðila bílakjallarans og EasyPark um merkingar í kjallaranum en þann 10. nóvember 2025 hafi Kvasir Lausnir gengið eftir svörum frá EasyPark þar sem félagið var upplýst um að merkingar frá EasyPark innihéldu upplýsingar um að viðbótarkostnaður leggist á greiðslu með appinu.
8. Þá kom fram að tvær greiðsluvélar séu í bílakjallaranum á Kirkjusandi og þegar slegið sé inn bílnúmer komi fram tími á innakstri í kjallara ásamt viðverutíma í klst. og mín. auk heildar upphæðar sem sé til greiðslu. Ef ekki sé greitt fyrir viðveru yfir ákveðnum tíma sé send krafa að sömu upphæð og tilgreind er í verðskrá, nóttina eftir, að viðbættu 130 kr. seðilgjaldi. Þá kom fram að verð sé mismunandi eftir tíma dags og að félagið muni koma áfram ábendingum úr bréfinu til rekstraraðila þannig að það verði sett upp verðskrá sem sé sýnileg við innakstur.
9. Auk framangreinds kom fram að Kvasir lausnir hafi einnig nýverið tekið við bílakjallaranum á Höfðatorgi af Parka. Ekki sé hægt að greiða með Parka appinu en fyrirhugað sé að bæta því við. Þá kom fram að neytendur geti greitt með EasyPark appinu, en frá skoðun Neytendastofu hefur merkingum verið breytt. Það sé búið að uppfæra merkingar með upplýsingum um notkun á EasyPark og að það leggist á aukagjald með notkun á appinu.
10. Þá kom fram að í bílakjallaranum á Höfðatorgi séu nokkrar greiðsluvélar og þegar slegið sé inn bílnúmer komi fram tími á innakstri í bílakjallarann ásamt viðverutíma í klst. og mín. auk heildar upphæðar sem sé til greiðslu. Ef ekki sé greitt fyrir viðveru yfir ákveðnum tíma sé send krafa að sömu upphæð og er í verðskrá, nóttina eftir, að viðbættu 130 kr. seðilgjaldi.
11. Að sögn Kvasis Lausna hefur félagið komið ábendingum um merkingar áfram til rekstraraðila bílastæðis við Hengifoss. Þá kom fram að fyrirhugað sé að skipta út greiðsluvél ásamt því að breyta myndavélum á svæðinu og verði með þessum breytingum endurskoðað allar merkingar. Þá leggist engin gjöld á neytendur við greiðslu og krafa ekki send fyrir ógreiddri viðveru.
12. Þá kom fram að enginn aukakostnaður leggist á neytendur við greiðslu á viðverugjaldi hjá Selafjöru og Seljalandsfossi. Ef ekki sé greitt fyrir viðveru yfir ákveðnum tíma sé send



krafa að sömu upphæð og er tilgreind í verðskrá, nóttina eftir. Krafan sé send með 100 kr. seðilgjaldi í tilfalli Seljalandsfoss en ekkert seðilgjald er lagt á kröfu hjá Selafjöru.

13. Þá kom fram í bréfi Kvasis Lausna að enginn kostnaður leggist á neytendur við greiðslu á viðverugjaldi við Seltún og að ekki sé send krafa fyrir ógreiddum heimsóknum. Einnig kom fram að Kvasir lausnir muni heimsækja staðinn og gera ráðstafanir með rekstraraðila til að uppfæra upplýsingar um verð og staðsetningu.
14. Hvað varði bílastæði P1, P2 og P5 á Þingvöllum kom fram að enginn aukakostnaður leggist á gesti Þjóðgarðarins við greiðslu á Þjónustugjaldi. Ef Þjónustugjald sé ekki greitt innan ákveðins tíma sé send krafa í banka nóttina eftir, að viðbættu 100 kr. seðilgjaldi. Þá kom fram að Kvasir Lausnir hafi fundað með starfsfólki Þjóðgarðarins þar sem ákveðið var og gerð áætlun um hvernig skuli bregðast við ábendingum stofnunarinnar. Gjaldskráin verði sýnileg við allar greiðsluvélar og víðar sem og að bætt verði við upplýsingum á skjái greiðsluvéla til að upplýsa viðskiptavinum betur um að ein greiðsla gildi fyrir öll svæði Þjóðgarðarins allan daginn.
15. Hvað varði bílastæði P3 á Þingvöllum kom fram í bréfinu að svæðið sé gjaldfrjálst.
16. Með bréfi Neytendastofu til Kvasis Lausna, dags. 16. mars 2026, var félaginu tilkynnt að stofnunin teldi gagnaöflun málsins lokið og félaginu boðinn frestur til 30. mars 2026 til að koma að frekari skýringum eða athugasemdum áður en ákvörðun yrði tekin í málinu.
17. Í bréfi Kvasis Lausna til Neytendastofu, dags. 25. mars 2026, kom fram að félagið hafi sett upp nýja vefsíðu þar sem öll verð og aukagjöld séu skýr og aðgengileg. Félagið hafi gert þetta til að tryggja að neytendur viti nákvæmlega fyrir hvað þeir séu að greiða á hverjum stað fyrir sig. Þá kom fram að hver staður sé með daggjald, tímagjald og áskriftargjald og seðilgjald eftir því hvað eigi við. Á upplýsingavefnum sé hægt að greiða komugjald á öllum ferðamannastöðum á netinu og upplýsingar um greiðslu í gegnum netið séu aðgengilegar á hverjum stað fyrir sig. Þá kom fram að verið væri að vinna í sambærilegri lausn fyrir bílastæðahús sem ætti að vera klár í apríl 2026 og verði þá strax innleidd á Höfðatorgi og á Kirkjusandi.
18. Auk framangreinds kom fram að félagið leggi sig fram við að veita sveigjanlega og góða þjónustu í samstarfi við alla aðila. Þá kom fram að það eigi meðal annars við ef notandi sleppi því að borga á staðnum eða slær inn vitlaust bílnúmer með þeim afleiðingum að bílaleiga fái gjaldið sent til sín en þá sé vinnureglan sú að gefa notanda færi á að borga eftir á og í kjölfarið sé sendur póstur á bílaleigu og hún beðin um að fella niður gjöld sem hafa verið send viðkomandi.



19. Þá kom fram að félagið hafi sent upplýsingar á alla þá rekstraraðila sem það þjónusti og brýnt fyrir þeim að uppfæra skilti og merkingar á sínum svæðum svo þær séu bæði áberandi og auðlæsilegar fyrir neytendur. Þá kom fram að félagið hafi fengið jákvæð viðbrögð við þessu þar sem Þingvellir séu að vinna í endurmerkingu á sínum stöðum og Seljalandsfoss sem og aðrir ferðamannastaðir hafi einnig tekið jákvætt í bættar merkingar. Einnig kom fram að Höfðatorg hafi farið að nota skjái til að upplýsa um þjónustuna á svæðinu.
20. Þá kom fram að félagið hafi haft milligöngu um samninga milli rekstraraðila og bílaleiga með því að stinga upp á sanngjörnum samningum þar sem bílaleigur fá ákveðinn afslátt gegn því að leggja ekki of mikil gjöld á sína notendur þegar þannig ber við. Þannig að allir séu að vinna saman að því að gera þennan iðnað notendavænni og þægilegri fyrir alla með það markmið að bæta heildar upplifun notenda og eyða óvissu.

II. Niðurstaða.

21. Mál þetta lýtur að upplýsingagjöf og viðskiptaháttum Kvasis Lausna ehf. er snúa að verðupplýsingum í tengslum við gjaldtöku fyrir bílastæði í umsjá félagsins, afmörkun bílastæða og upplýsingagjöf um greiðsluleiðir á bílastæðum þar sem Kvasir Lausnir sinnir gjaldtöku. Taldi stofnunin að ákvæði 1. mgr. 8. gr., b. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., 13. gr. og 17. gr. laganna auk 1. og 2. mgr. 3. gr., og 1. og 2. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, kynnu að eiga við í málinu.
22. Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti og raska verulega, eða eru líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. eru þeir viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði III. kafla alltaf óréttmætir. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun. Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a. – g. lið 1. mgr. 9. gr. eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í b.



lið kemur fram að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar. Enn fremur kemur fram í d. lið sömu greinar að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum. Þá kemur fram í 2. mgr. 9. gr. að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja megí að almennt skipti máli fyrir neytendur og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Í 17. gr. laganna er kveðið á um að fyrirtæki sem selji vörur eða þjónustu til neytenda, skal verðmerkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Á grundvelli 17. og 18. gr. laganna hefur stofnunin sett reglur nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu. Í 1. mgr. 4. gr. reglnanna segir að verðskrá yfir alla framboðna þjónustu skuli ávallt vera birt með áberandi hætti þar sem þjónustan er veitt og skuli verðskráin vera skýr, aðgengileg og greinileg þannig að ljóst sé hvaða þjónustu verðmerkingin eigi við.

Upplýsingar um viðbótargjald og greiðsluleið

23. Við skoðun Neytendastofu á bílastæðum í bílakjöllurum á Kirkjusandi og í Höfðatorgi varð stofnunin vör við að á upplýsingaskiltum svæðisins var tekið fram að hægt væri að greiða fyrir viðveru með greiðslulausninni Parka. Þá kom einnig í ljós að í bílakjallaranum í Höfðatorgi voru neytendur upplýstir um að viðbótargjald leggist á viðveru ef ekki sé greitt samdægurs án þess að fjárhæð þess væri tekin fram.
24. Í svörum Kvasis Lausna hefur komið fram að félagið hafi nýverið tekið við bílakjöllurum í Höfðatorgi og á Kirkjusandi af Parka. Þá kom fram að ekki sé hægt að greiða með Parka en búið sé að tengja EasyPark sem greiðsluleið. Hvað varði greiðslu fyrir bílastæði kom fram að í bílakjöllurum standi greiðsluvélar til boða en ef ekki sé greitt fyrir viðveru yfir ákveðnum fjölda mínútna sé send krafa að sömu upphæð og er tilgreind í verðskrá, að viðbættu seðilgjaldi í báðum bílakjöllurum.
25. Þegar fyrirtæki birtir upplýsingar um greiðsluleiðir og gjöld tengd viðveru á bílastæði þarf neytandi að geta treyst því að honum séu veittar réttar upplýsingar. Röng eða villandi upplýsingagjöf um kostnað eða greiðsluleið getur orðið til þess að neytendur hagi sér á annan hátt en þeir hefðu gert hefðu þeim verið veittar réttar upplýsingar.
26. Með vísan til framangreinds hefur Kvasir Lausnir brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 með því að birta rangar upplýsingar um viðbótargjald ef ekki sé greitt fyrir viðveru samdægurs geti átt við á bílastæðum í bílakjallaranum á Höfðatorgi. Þá hefur Kvasir Lausnir einnig brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og



b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 með því að veita rangar upplýsingar um greiðslulausn til að greiða fyrir viðveru í bílakjallaranum á Kirkjusandi og í Höfðatorgi.

Afmörkun bílastæðis við Hengifoss.

27. Við skoðun Neytendastofu á bílastæðinu við Hengifoss varð stofnunin þess vör að afmörkun gjaldsvæðisins væri ábótavant. Á bílastæðinu voru tvær innkeyrslur en einungis var upplýst um gjaldskyldu við aðra þeirra.
28. Þrátt fyrir að í svörum Kvasis Lausna hafi komið fram að kröfur séu ekki sendar fyrir ógreidda viðveru á bílastæðinu liggur fyrir að neytendum var ekki gerð nægileg grein fyrir því að bílastæðið væri gjaldskytt og að til samningssambands stofnaðist við að aka inn á það.
29. Með vísan til framangreinds hefur Kvasir Lausnir brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 með ófullnægjandi merkingum um gjaldskyldu við Hengifoss.

Birting verðskrár.

30. Við skoðun Neytendastofu á bílastæðum í umsjá Kvasis Lausna kom í ljós að upplýsingar um verð fyrir viðveru var birt í smáu letri við innkeyrslu á bílastæði við Seltún með þeim afleiðingum að upplýsingarnar voru ekki auðsjáanlegar við innkeyrslu á bílastæðið. Þá kom einnig í ljós við skoðun á bílastæðum á Kirkjusandi, við Hengifoss og á Þingvöllum að ekki var að finna verðskrá.
31. Í svörum Kvasis Lausna hefur komið fram að ábendingum hafi verið komið áfram til rekstraraðila bílakjallara Kirkjusands þannig að sett verði upp verðskrá sem sé sýnileg við innakstur í þeim merkingum sem eru að fara fram. Þá hafi ábendingum einnig verið komið áfram til rekstraraðila bílastæðis við Hengifoss en fyrirhugað sé að endurskoða allar merkingar svæðisins. Hvað varði Þingvelli kom fram að félagið hafi fundað með starfsfólki Þjóðgarðarins þar sem áætlun var gerð um hvernig skuli bregðast við ábendingum stofnunarinnar. Auk framangreinds kom fram að bílastæði P3 á Þingvöllum væri gjaldfrjálst.
32. Á seljendum hvílir afdráttarlaus skylda til að upplýsa neytendur um endanlegt verð eða, ef ómögulegt er að tilgreina endanlegt verð fyrirfram, alla þá þætti sem áhrif hafa á endanlegt verð, áður en gengið er til viðskipta enda um að ræða upplýsingar sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Til þess að upplýsingakröfum sé fullnægt þurfa merkingar að vera skýrar, aðgengilegar hvar sem þjónustan er boðin og augljóst sé hvaða þjónustu átt er við.



33. Kvasir Lausnir koma fram fyrir hönd eigenda þeirra bílastæðið sem félagið þjónustar og eiga neytendur í samskiptum við félagið komi upp vandamál vegna greiðslu fyrir afnot af bílastæði. Þá eru ýmist skilti og greiðsluvélar á bílastæðunum merkt þjónustu félagsins, Check-It, ásamt því að félagið rekur greiðslugátt á netinu þar sem neytendum stendur til boða að greiða fyrir bílastæði. Telur Neytendastofa að framangreindu virtu og eins og aðstæður eru í máli þessu það vera á ábyrgð Kvasis Lausna að sjá til þess að neytendur séu upplýstir um það verð sem þeir greiða fyrir viðveru á fyrrnefndum bílastæðum við Hengifoss, á Þingvöllum, í bílakjallaranum á Kirkjusandi og við Seltún.
34. Með vísan til framangreinds hefur Kvasir Lausnir brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., og 17. gr. laga nr. 57/2005 auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011 með því að birta enga verðskrá á bílastæðum á Kirkjusandi, Hengifossi og Þingvöllum (P1, P2, og P5) og með því að birta ekki verðskrá með áberandi og aðgengilegum hætti við Seltún.

Úrræði Neytendastofu

35. Undir rekstri málsins tóku gildi ný markaðssetningarlög nr. 44/2026 en við gildistöku þeirra féllu úr gildi lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Breytingarnar sem innleiddar voru með lögum nr. 44/2026 höfðu ekki í för með sér efnislegar breytingar er viðkemur viðskiptaháttum fyrirtækja, líkt og um er deilt í fyrirliggjandi máli, sbr. ákvæði þágildandi laga nr. 57/2005.
36. Með vísan til a. liðar 2. mgr. 30. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 telur stofnunin rétt að banna Kvasi Lausnum að viðhafa framangreinda viðskiptahætti og beinir stofnunin jafnframt þeim fyrirmælum til Kvasis Lausna að bæta upplýsingagjöf til samræmis við ákvörðun þessa.
37. Við ákvörðun stjórnarsýsluviðurlaga tekur Neytendastofa mið af meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um lagaskil refsilöggjafar (lex mitior). Brot gegn lögum nr. 57/2005 vörðuðu stjórnvaldssektum samkvæmt ákvæði a. liðar 1. mgr. 22. gr. laganna en sektarramma vegna þeirra var hækkaður sbr. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 44/2026. Af framansögðu verður með hliðsjón af 2. gr. almennra hegningarlaga tekið mið af ákvæðum laga nr. 57/2005 við ákvörðun fjárhæðar stjórnvaldssektar en í því felst lægri sektarramma en núgildandi ákvæði laga nr. 44/2026 kveða á um.
38. Með vísan til framangreinds og með heimild í 3. mgr. 33. gr. laga nr. 44/2026 telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna. Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Kvasis Lausna alvarlegt og til þess fallið að raska verulega fjárhagslegum hagsmunum neytenda auk þess að teljast til



villandi viðskiptahátta. Að teknu tilliti til þessa, jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, umbótavilja og aðgerða félagsins í kjölfar athugasemda stofnunarinnar og þeirra víðtæku áhrifa sem brotið hafði á neytendur telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Kvasir Lausnir ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 300.000 kr. (þrjú hundruð þúsund krónur) sbr. 33. gr. laga nr. 44/2026.

III.

Ákvörðunarorð:

„Kvasir Lausnir ehf., Síðumúla 35, 108 Reykjavík, hafa brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að birta rangar upplýsingar um að viðbótargjald gæti átt við sé ekki greitt fyrir viðveru samdægurs á bílastæðum í bílakjallaranum á Höfðatorgi. Þá hafa Kvasir Lausnir einnig brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að veita rangar upplýsingar um greiðslulausnir til að greiða fyrir viðveru í bílakjallaranum á Kirkjusandi og Höfðatorgi.

Kvasir Lausnir ehf. hafa brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með ófullnægjandi merkingum um gjaldskyldu við Hengifoss.

Kvasir Lausnir hafa brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, með því að birta enga verðskrá á bílastæðum á Kirkjusandi, Hengifossi og Þingvöllum (stæði P1, P2 og P5) og með því að birta ekki verðskrá með áberandi og aðgengilegum hætti við Seltún.

Með heimild í a. lið 2. mgr. 30. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 bannar Neytendastofa Kvasi Lausnum ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti og beinir þeim fyrirmælum til Kvasis Lausna ehf. að bæta upplýsingagjöf til samræmis við ákvörðun þessa.

Með heimild í 33. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Kvasir Lausnir að fjárhæð 300.000 (þrjú hundruð þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“



Neytendastofa, 29. júní 2026

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir